




## Rétt eiga þeir sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Eru 67 ára.
- Hafa átt lögheimili á Íslandi í minnst þrjú ár á aldrinum 16-67 ára.
- Eru með tekjur undir ákveðnum mörkum.

Réttur til ellilífeyris getur flust á milli landa.

## Umsóknarferli

- Umsækjandi fyllir út umsóknareyðublað og tekjuáætlun og skilar til Tryggingastofnunar.
- Tryggingastofnun afgreiðir umsóknina eftir að umbeðin gögn hafa borist.



## Tekjuáætlun

Tekjuáætlun er áætlun umsækjanda um þær tekjur hann muni hafa á árinu. Á grundvelli hennar eru greiðslur ársins reiknaðar. Umsækjandi ber alfarið ábyrgð á að tekjuáætlun sé rétt. Greiðslur eru endurreiknaðar árlega á grundvelli skattframtals. Inneignir eru greiddar út eða skuldir innheimtar.

## Réttindi vegna búsetu

Rétt til ellilífeyris öðlast þeir sem hafa átt lögheimili á Íslandi í a.m.k. þrjú almanaksár á aldrinum 16-67 ára. Fullur réttur miðast við 40 ára búsetu á þessu tímabili. Skemmri búseta veitir hlutfallslegan rétt.

## Frestun töku lífeyris

Hægt er að fresta töku lífeyris til 72 ára aldurs. Skila þarf inn umsókn þegar hefja á töku lífeyris.

## Mínar síður

Á vef Tryggingastofnunar er hægt að komast á Mínar síður, rafræna þjónustu Tryggingastofnunar. Þar er m.a. hægt að nálgast rafræn skjöl, fá bráðabirgðaútreikning og skoða greiðsluskjöl. Nota þarf veflykil ríkisskattstjóra eða rafræn skilríki til að komast á Mínar síður.

## Þjónustuleiðir

Ráðgjafar Tryggingastofnunar um allt land eru reiðubúnir til aðstoðar.

- Símar 560-4460 eða 800-6044
- Netsamtal við ráðgjafa á tr.is
- Tölvupóstur á tr@tr.is
- www.tr.is
- Þjónustumiðstöð Tryggingastofnunar Laugavegi 114 er opin frá kl. 10.00-15.30
- Umboð Tryggingastofnunar eru opin um allt land á skrifstofutíma.

Á www.tr.is er hægt að nálgast allar frekari upplýsingar og eyðublöð sem skila þarf inn.



TRYGGINGASTOFNUN

Laugavegur 114 | 150 Reykjavík